

10.03 Umsókn um skráningu á afurðarheiti

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr.130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Reglugerð nr .596/2016 um skráningu afurðarheita.

Upplýsingar um mál

Málsnúmer:

2104286

Móttekið:

14.4.2021 12:18:29

Innskráður notandi

Nafn

Eimverk ehf.

Kennitala

5108110700

Netfang

eva@eimverk.com

Símanúmer

+3548684910

Samskipti

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang:

eva@eimverk.com

1. Framleiðendahópur, sótt er um fyrir:

Nafn

Eimverk ehf

Kennitala

5108110700

**Heimilisfang**

Lyngás 13

Póstnúmer

210 Garðabæ

Símanúmer

+3548684910

Forsvarsmaður umsóknar

Eva María Sigurbjörnsdóttir

Til upplýsingar:

Athugið að meginreglan er að framleiðendahópur sækir um skráningu á afurðarheiti. Einstaklingur eða lögaðili getur einungis sótt um vernd afurðarheitis ef:

- a) Aðili er eini núverandi framleiðandi á skilgreindu landsvæði
- b) Aðili notar ákveðna og viðvarandi staðbundna aðferð sem aðeins er notuð af aðilanum og
- c) Afurð aðila kemur frá skilgreindu svæði og hefur einkenni sem eru í meginatriðum frábrugðin einkennum nærliggjandi svæða eða eiginleikar afurðar eru frábrugðnir sambærilegum afurðum frá nærliggjandi svæðum
- Athugið að umsækjandi getur aðeins sótt um vernd afurðar sem umsækjandi framleiðir, vinnur eða tilreiðir

2. Grundvöllur umsóknar

Tilgreinið grundvöll umsóknar (eitt af þrennu).

- 1) Sótt er um vernd afurðarheitis sem vísar til uppruna

3. Afurðarheiti sem sótt er um vernd fyrir

Hér þarf að tilgreina það nafn sem notað er til að tilgreina afurð:

Íslenskt viskí/viský - Icelandic Whisky/whiskey

4. Afurðarlýsing

1) Afurðarheiti

Íslenskt viskí - Icelandic Whisky/Whiskey

2) Lýsing á afurð, hráefni og helstu eðlis-, efna- og örverufræðilegu eða skynrænu einkennum afurðar

Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins númer 110/2008 frá 15 janúar 2008 Um framleiðslu brenndra drykkja, sem gildir einnig fyrir ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal viskí vera framleitt úr möltuðu og/eða ómöltuðu korni, sem síðar meir er meskjað, og að lokum eimað. Í Skotlandi er afurðar heitið Scotch Whisky verndað. Byggðum við kröfu okkar á þeirri reglugerð. Íslenskt viskí skal vera skilgreint svohljóðandi: Íslenskt viskí skal vera framleitt á Íslandi. A) Hafi verið eimað í brugghúsi á Íslandi, úr vatni og sterkju fenginn eru úr korni, þar sem að minnsta kosti 51% kornsins sé ræktað á Íslandi. a) Mesking (umbreyting sterkju í gerjanlegar einsyrkur) hafi átt sér stað í brugghúsi á Íslandi. b) Gerjun með viðbættu geri hafi átt sér stað í brugghúsi á Íslandi. B) Eimað að styrk undir 94.8% alkóhól styrkleika. Svo vínandinn haldi lykt og bragði frá grunnhráefninu og framleiðsluferlum C) Hafi farið í gegnum öldrunarferli með aðkomu viðar, í íláti undir 700 L að rúmmáli. D) Öldrun hafi

átt sér stað á Íslandi eða í lögsögu þess. E) Haldi lit, lykt og bragði úr grunnhráefni, framleiðsluferli og öldrun. F) Að átöppun í neytenda umbúðir eigi sér stað á Íslandi til að tryggja möguleika á eftirliti og staðfestingu uppruna. G) Að við átöppun sé engu viðbætt að undanskildu: a) Íslensku vatni b) plain caramel colouring (E150) bragðlaust litarefni c) Íslensku vatni og plain caramel colouring H) Að lágmarks alkóhólstyrkleiki í neytendaumbúðum sér 40% rúmmáls (40%abv, 40% vol)

3) Sérstakar reglur um merkingar á viðkomandi afurð

Íslenskt viskí sem stenst þær framleiðslureglur sem settar hafa verið fram í grein 4.2, mega vera merktar með þeim skilgreiningum sem eru að finna í grein 4.1. Átöppun skal fara fram á Íslandi og notast skal við íslenskt bergvatn til niðurbýningar. Þær vörur sem ekki standast þessar reglur mega ekki, á beinan eða óbeinan hátt, vísa til þess að varan sé framleidd á Íslandi, t.d. með notkun íslenska fánans, skjaldamerkisins eða á annan myndrænan hátt ýja að því að hér sé um íslenska vöru að ræða.

Ef sótt er um skráningu sem vísar til uppruna eða landfræðilegrar tilvísunar þarf að bæta við eftirfarandi upplýsingum:

- Skilgreining landsvæðis
- Sönnun þess að afurð sé upprunnin á skilgreindu landsvæði
- Lýsing á framleiðsluaðferð afurðar og raunverulegum og óbreytilegum staðbundnum aðferðum, upplýsingum um þökkun ef hún verður að fara fram innan hins skilgreinda landsvæðis og ástæður þess að þökkun verður að fara fram innan þess til að standa vörð um gæði eða tryggja uppruna eða eftirlit
- Upplýsingar sem staðfesta tengsl milli gæða eða einkenna afurðar og umhverfisins, hvort sem við á; eða tengsl milli ákveðinna gæða, orðspors eða annarra einkenna landbúnaðarafurðar eða matvæla og umhverfisins

Fyrir liði a-d hér að ofan

a) Ísland og þær eyjar sem falla undir íslenska lögsögu. b) Framleiðandi framleiðir vöruna úr að minnsta kosti 51% íslensku korni á Íslandi og öldrun eigi sér stað í lögsögu Íslands samanber afurðarlýsingu í lið 4.2. c) Framleiðslu lýsing er set fram í lið 4.2, Eftirlit skal vera hjá viðeigandi stofnun, s.s. heilbrigðiseftirliti, Matvælastofnun og, eða Samtökum Íslenskra Eimingarhús. d) Íslenska vöruheitð er dýrmætt sökum hreinnar orku og hreina vatnsins sem við höfum á Íslandi, við þetta bætist hreinleiki afurða frá landbúnaði íslenska kornið, geymsla og öldrun við íslenskar aðstæður og framleiðslu aðferðir þær sem þróaðar eru til að nýta alla þessa þætti, teljum við að sé íslenskt viskí hafi einstaka sérstöðu sem mikilvægt er að vernda.

Ef sótt er um skráningu sem vísar til hefðbundinnar sérstöðu þarf (auk 1,2 og 3 hér að ofan) að bæta við eftirfarandi upplýsingum:

Ef sótt er um skráningu sem vísar til hefðbundinnar sérstöðu þarf (auk 1,2 og 3 hér að ofan) að bæta við eftirfarandi upplýsingum:

- Lýsing á hefðbundnum eiginleikum afurðar
- Upplýsingum um hefðbundna framleiðsluaðferð, vinnslu eða samsetningu afurðar
- Upplýsingum um hefðbundinn uppruna hráefna eða innihaldsefna sem notuð eru til framleiðslu, vinnslu eða samsetningar á afurð
- Hvernig hráefnin eru nýtt samkvæmt hefð

Fyrir liði a-d hér að ofan

5. Samantekt sem felur í sér meginefni afurðarlýsingar

Samantekt:

Að einungis megi kalla viskí, íslenskt viskí sem sannarlega er framleitt frá grunnhráefni að tilbúinni vöru á Íslandi. Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins númer 110/2008 frá 15 janúar 2008 um framleiðslu brenndra drykkja, sem gildir fyrir ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal viskí vera framleitt úr möltuðu og/eða ómöltuðu korni sem er síðar meir er meskjað og að lokum eimað. Í Skotlandi er afurðar heitið Scotch Whisky verndað. Byggðum við kröfu okkar á þeirri reglugerð. Eimverk distillery er eini framleiðandi á Íslandi með viskí á markaði. Þó svo Eimverk distillery sækir eitt um þessa tegunda vernd, unnum við í samstarfi við aðra framleiðendur sem eru að stefna að því að framleiða íslenskt viskí en eru ekki en komnir með vöru á markað. Unnið var með Thoran distillery og Reykjavík Distillery í ákvörðun um framleiðsluferlið. ATH: Umsókninni var skilað inn þann 16.9.2020. Þar sem ekki reyndist unnt að breyta umsókninni í kerfi Mast var ákveðið að senda inn nýja umsókn.

6. Umsóknargjald

Gjald fyrir umsókn: Umsækjandi skal greiða gjald fyrir meðferð umsóknar, að fjárhæð 75.000 kr.

Fyrir umsókn um breytingu á afurðarlýsingu skal greiða gjald að fjárhæð 50.000 kr.

Viðhengi (ef þarf)